

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

91

1. apríl

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær yfir alla Austur-Húnavatnssýslu, nema Höfðakaupstað.

Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar löggilta samþykkt, þá er það kauptún þar með undanþegið ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal vera byggingarnefnd. Hún er skipuð 3 mönnum, tveim kosnum af hreppsnefnd, og byggingarfulltrúa sýslunnar, sem er formaður nefndarinnar. Hreppsnefnd skal einnig kjósa tvo menn til vara.

Bygginganefndarmenn skulu kosnir þegar samþykkt þessi hefur verið staðfest og síðan jafnan eftir almennar hreppsnefndarkosningar.

3. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ræður byggingarfulltrúa í samráði við stjórn Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Húnavatnssýslu, sem nú er jafnframt stjórn húsagerðarsamþykktar sýslunnar. Hann skal jafnframt vera ráðinn til að hafa umsjón með þeim byggingarframkvæmdum, sem gerðar eru samkvæmt húsagerðarsamþykkt Búnaðarsambandsins og starfa að þeim eftir því, sem við verður komið. Byggingarfulltrúinn er formaður byggingarnefnda allra hreppanna (sbr. 2. gr.).

4. gr.

Laun byggingarfulltrúans greiðist að $\frac{1}{3}$ af sýslusjóði, $\frac{1}{3}$ af Nýbýlasjóði og $\frac{1}{3}$ af Byggingasjóði.

Oddviti sýslunefndar annast greiðslu til fulltrúans.

5. gr.

Byggingarfulltrúinn skal ferðast um sýsluna og leiðbeinir sýslubúum um hvers konar byggingar og lætur þeim í té eða útvegar teikningar, ef þess er óskað. Ferðir þessar skulu tilkynntar hlutaðeigendum með hæfilegum fyrirvara og í samráði við stjórn Búnaðarsambandsins. Byggingarfulltrúinn er trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og Nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann starfar að öðru leyti að því, sem stjórn Búnaðarsambandsins felur honum, og er ráðunautur hennar í byggingarmálum, enda hafi samningur verið gerður milli sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og Búnaðarsambandsins um þessi mál.

6. gr.

Byggingarnefndir skulu rækja störf sín með alúð og hraða afgreiðslu þeirra mála, sem undir þær heyra, eftir því sem við verður komið. Vanræksla í starfi skal teljast brot á samþykktinni.

7. gr.

Hver byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn fund á ári. Þar skulu tekin til meðferðar byggingarmál hreppsþúa. Fundirnir skulu boðaðir með næg-

91 um fyrirvara. Fundur er ekki lögmatgur nema allir nefndarmenn séu mættir eða 1. apríl varamenn í þeirra stað.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Nefndin skal halda fundabók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og undirritar í lok hvers fundar. Heimilt er minni hluta að fá bókaðan ágreining sinn við ályktun meiri hlutans.

Bækur og ritföng greiðast af sýslusjóði, en þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Byggingarnefndir, hver í sínum hreppi, ákveða legu og afstöðu nýrra bygginga úr varanlegu efni í samráði við hlutaðeigendur, og einnig bygginga, þó ekki séu úr varanlegu efni, ef þeim er fyrirhugaður staður fast við íbúðarhús eða í nágrenni þeirra.

9. gr.

Byggingarnefndir hafa heimild til að krefjast — þegar um byggingu nýs húss er að ræða — að uppdráttur af húsinu sé lagður fram og að þær breytingar séu gerðar á húsinu, sem þeim þykir brýn ástæða til. Þær hafa heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, er brunahætta stafar af, séu byggð á afviknum stöðum. Enn fremur hefur nefndin gætur á að farið sé eftir ályktunum hennar, og eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni.

10. gr.

Byggingarnefndir skulu hver í sínum hreppi hafa eftirlit með íbúðum manna í sýslunni og, ef nauðsyn krefur, hlutast til um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslæknir.

Einnig skulu byggingarnefndir hafa eftirlit með fjósum og þeim byggingum, sem mjólkurvinnsla fer fram í, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt kann að vera, samkvæmt þeim reglum sem hér um gilda.

Þar sem dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslu, skal stjórn mjólkurbúsins láta byggingarfulltrúa í té afrit af skýrslu dýralæknis, að því er snertir verksvið fulltrúans.

11. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni á því svæði, sem samþykkt þessi nær til, nema hann hafi fengið skriflegt leyfi byggingarnefndar. Ef einhver byrjar á byggingu slíkra húsa eða byggir öðruvísi en nefndin hefur ákveðið, þá skal hann og yfirmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð, og þar að auki getur nefndin látið rífa niður á kostnað eiganda það, sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til.

Sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

12. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

13. gr.

Sýslunefnd hefur heimild til, í samráði við byggingarfulltrúa og Teiknistofu landbúnaðarins, að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa úr varanlegu efni,

svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, 91 yfirklaðningu, raflagnir o. s. frv. Skal leita staðfestingar stjórnarráðsins á reglugerðinni. 1. apríl

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 50—1000 krónum, er renna í sýslu-sjóð, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns Helga-sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1947. 28. apríl
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Kristjáns Helgasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Helgasonar og er stofnaður að honum látnum með frjálsum framlögum ættingja og vina Kristjáns.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3800 — þrjú þúsund og átta hundruð — krónur.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í peningastofnun með ríkisábyrgð. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja leikmenn Knattspyrnufélagsins Vals eða heimili þeirra, er verða fyrir slysum í knattspyrnukappleik.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtum og öðrum tekjum má árlega verja samkv. 4. gr. $\frac{3}{4}$ hlutum, en $\frac{1}{4}$ skal leggjast við höfuðstól þar til hann er orðinn 10000 kr. Eftir það má verja öllum árstekjum sjóðsins samkv. 4. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að geyma fé það, sem eitthvert ár fellur til ráðstöfunar til ráðstöfunar síðar, ef þannig stendur á að enginn þarfnist styrksins, að dómi stjórnar sjóðsins.